

Alþingi
Erindi nr. P 143/188
komudagur 12.11.2013

Reykjavík, 12. nóvember 2013

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndasvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálpar um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 89. mál, með tölvupósti til samtakanna þann 18. október 2013.

Þingsályktunartillagan felur í sér að heilbrigðisráðherra í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðherra móti geðheilbrigðisstefnu og meðfylgjandi aðgerðaráætlun. Geðheilbrigðisstefnan verði lögð fram á vorþingi 2014.

Landssamtökin Geðhjálp fagna því að Alþingi ýti úr vör vinnu við heildstæða stefnumótun ríkisvaldsins á sviði geðheilbrigðismála. Geðheilbrigðismál liggja á mörkum heilbrigðis- og félagsþjónustu. Af þeirri ástæðu hefur reynst erfitt að tryggja samfellu í þjónustu og útiloka hættuna á að einstaklingar lendi milli kerfa með alvarlegum afleiðingum.

Heildstæð stefnumótun á sviði geðheilbrigðismála ætti í senn að stuðla að samfelldari og faglegri þjónustu við notendur ásamt því að tryggja öflugt forvarnarstarf. Með sama hætti ætti meðfylgjandi aðgerðaráætlun að stuðla að markvissari árangri stefnunnar í bráð og lengd. Í því sambandi ber þó að leggja áherslu á að raunhæfir mælikvarðar og eftirfylgd af hálfu viðkomandi ráðuneytis fylgi hverju einasta verkefni innan aðgerðaráætlunarinnar.

Að því sögðu lýsa Landssamtökin Geðhjálp yfir einlægum áhuga og vilja til að taka þátt í vinnu við boðaða stefnu. Samtökin hafa unnið ötullega að bættri geðheilsu í íslensku samfélagi í hátt í 35 ár og telja sig því hafa töluvert til málanna að leggja við mótun stefnunnar. Síðast en ekki síst telja þau að öflugt samstarf löggjafans við viðeigandi hagsmunaaðila við stefnumótun af hverju tagi skili sér án undantekningar í vandaðri stefnu og lagasetningu hverju sinni.

Fyrir hönd Geðhjálpar,
Hrannar Jónsson, formaður.

